

Skipulags- og byggingafulltrúi Uppsveita bs.
b.t. Stellu Rúnarsdóttur
Dalbraut 12
840 Laugarvatn

Reykjavík, 16. september 2021
UST202108-212/A.Þ.
10.05.00

Efni: Framkvæmdaleyfi - Efnistaka úr námu í Hrunamannafrétt

Vísað er til erindis skipulags- og byggingafulltrúa Uppsveita er barst 20. ágúst sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um framkvæmdaleyfi fyrir efnistöku úr námu E39 á Hrunamannafrétti. Fyrirhuguð efnistaka er fyrir allt að 15.000 m³.

Friðlýsingarskilmálar

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að fyrirhuguð efnistaka er innan landslagsverndarsvæðisins Kerlingarfjöllum sem var friðlýst árið 2020.

Í friðlýsingarskilmálum um svæðið segir: „Efnistaka er heimil þar sem efnistökusvæði eru skipulögð í gildandi aðalskipulagi. Efni úr námum innan verndarsvæðisins má einungis nota til viðhalds vega og slóða innan verndarsvæðisins og í vegi og slóða sem tengjast því. Jafnframt er efnistaka til uppbyggingar og viðhalds innan svæðisins heimil úr Ásgarðsá að fengnu leyfi Umhverfisstofnunar. Efnistaka úr Ásgarðsá skal ekki hafa í för með sér varanlega röskun og sýnt skal fram á með áhrifamati að ummerki efnistökkunnar séu horfin að tveimur árum liðnum.“

Umhverfisstofnun bendir því á að efnistaka til framkvæmda annarra en viðhalds vega og slóða, m.a. uppbyggingar húsa, er leyfis skyld hjá stofnuninni. Til að stofnunin geti tekið afstöðu til framkvæmdarinnar er mikilvægt að það komi fram í hvaða framkvæmdir eigi að nota efnið. Sótt er leyfi til framkvæmda á friðlýstum svæðum í þjónustugátt á heimasíðu stofnunarinnar.

Lög um mat á umhverfisáhrifum

Umhverfisstofnun bendir á að öll efnistaka innan verndarsvæða fellur undir B-flokk í 1. viðauka laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana og er tilkynningarskyld til Skipulagsstofnunar.

Virðingarfyllst,

Agnes Þorkelsdóttir
sérfræðingur

Axel Benediktsson
sérfræðingur